

Sjálfsmatsskiýrsla

2024 - 2025





Sjálfsmatsskýrsla GSnb 2024-2025

Niðurstöður úr innra mati skólans

Unnið af: Hilmarí Mú Arasyni, Hugrúnu Elísdóttur, Katrínu Elísdóttur, Margréti Gróu Helgadóttur, Rósu Erlendsdóttur og Vilborgu Lilju Stefánsdóttur.



Innihald

Megin niðurstöður	3
Inngangur	5
Um GSnb.....	6
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	7
Sjálfsmat 2024-2025.....	9
Viðmið um gæði í skólastarfi	9
1. Stjórnun og fagleg forysta.....	9
2. Nám og kennsla	10
Niðurstöður lesfímiprófa	12
Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar	15
Þrír nýir þættir	22
Staða umhverfismála	22
Mat á kennslustundum.....	22
Hvað er gott og hvað má betur fara?	22
Umbótaáætlun 2024 – 2025	25
Lokaorð	27
Heimildir	29
Fylgiskjal 1: Lykiltölur úr Íslensku æskulýðsrannsókninni	30
Fylgiskjal 2: Hvað er gott og hvað má betur fara?	31
Fylgiskjal 3: Mat á kennslu	35
Fylgiskjal 4: Viðmið um gæði í skólastarfi	36
Fylgiskjal 5: Langtímaáætlun um innra mat.....	37
Fylgiskjal 6: Samantekt 2024-2028.....	38



Megin niðurstöður

Menntamálastofnun gaf út uppfærðan og endurskoðaðan bækling sinn *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, 2. útgáfu* 2018. Þetta er fimmta árið í röð sem við styðjumst við þetta matslíkan. Við lukum við að meta alla þætti líkansins samkvæmt langtíma áætlun sem við settum upp. Jafnframt var rýnt í niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu.

Á þessu skólaári máttum við tvo yfirþætti úr *Viðmið um gæði í skólastarfi* sem höfðu sex undirþætti. Einn þáttur kom mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum og flestir eða allir undirþættir þeirra þátta sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Fjórir þættir voru á bilinu frá 3,3 til 3,9 og hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Einn þáttur hlaut einkunnina 2,3 og er því gulmerktur og telst vera með meiri veikleika en styrkleika. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Það eru þættir sem snúa að ábyrgð og lýðræðislegum vinnubrögðum hjá okkur sem koma illa út og þarf að rýna betur í.

1. Stjórnun og fagleg forysta	
1. Faglegt samstarf og samræða	3,4
2. Samvirkni í stefnumótun	4,3
2. Nám og kennsla	
1. Inntak og námskrá	3,8
2. Árangur náms	3,5
5. Námsvitund	3,9
6. Ábyrgð og þátttaka	2,3

Niðurstöður lesfímiprófa sýna að einungis 2. og 4. bekkur ná settu markmiði, að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori. Allir árgangar, að undanskildum 7. og 9. bekk, eru við eða yfir landsmeðaltali. Halda þarf áfram að leggja áherslu á mikilvægi lesturs og efla lestur nemenda en lögð er áhersla á heimalestur, lestur í skóla, yndislestur, lestur valbóka ásamt fjölbreyttum bekkjarsettum og lestri tengdum námsgreinum. Þá hefur bókasafn skólans eflt starfsemi sína með fjölbreyttum bókakosti, kynningum á völdum höfundum ásamt því að gera bókasafnið að aðlaðandi og eftirsóttum stað fyrir nemendur að sækja.

Á þessu skólaári, líkt og því síðasta, var ekki boðið upp á að leggja fyrir Olweusarkönnun á landsvísu. Þess í stað treystum við á niðurstöður úr íslensku æskulýðsrannsókninni til að meta líðan og viðhorf nemenda.

Á þessu skólaári var gert mat á umhverfismálum á starfstöðvunum norðan Heiðar. Fyrst valdi umhverfisnefndin þemu sem leggja á áherslu næstu árin. Fyrir valinu varð áthagafræði annars vegar og neyslu og úrgangur hins vegar. Nemendur í 1.-10. bekk önnuðust matið. Heilt yfir kom skólinn vel út úr matinu en í nokkrum þáttum þurfum við að standa okkur betur og tekur umhverfissáttmálinn til þeirra þátta.



Við vinnum að því að:

- ✓ halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum.
- ✓ fræða nemendur um mikilvægi þess að minnka úrgang og hvað verður um úrganginn sem fellur til í skólanum.
- ✓ minnka úrgang (m.a. matarafganga) og flokka það sem til fellur.
- ✓ nemendur gangi vel um sitt nánasta umhverfi, tíni upp rusl sem þeir rekast á og flokki.
- ✓ upplýsa nemendur um námskrána í áttahagafræði og endurskoða kaflann í áttahagafræði um ferðir í samráði við nemendur.

Á þessu skólaári hófst vinna við að meta kennslustundir með markvissum hætti. Skólastjóri fór í átta kennslustundir, fylgdist með námi og kennslu, skráði hjá sér helstu niðurstöður og ræddi við viðkomandi kennara að heimsókninni lokinni. Heilt yfir fengu kennslustundirnar gott mat, þær voru vel skipulagðar, vel settar upp, góð samskipti, góð og mikil virkni nemenda. Það var einkennandi að þeir þættir sem máttu betur fara voru upphaf og lok kennslustunda sem var almennt ábótavant. Frábær vinna sem þarf að þróa áfram.

Skólastjóri hefur oft heimsótt nemendur unglingastigs og rætt við þá um hvað er gott er við skólann og hvað má betur fara. Niðurstöður þeirra heimsókna er að finna í fylgiskjali nr. 1. Farið var yfir listana, reynt að finna „samnefnara“ í öllum bekkjum og unnið í þeim.

Má þar nefna að:

- ✓ sófum var fjölgað,
- ✓ aðstaða á bókasafni var bætt,
- ✓ komið var upp fleiri „kósíhornum“,
- ✓ tveir nýir körfuboltavellir verða settir á skólalóðirnar í sumar,
- ✓ fjölbreytni í vali var aukin,
- ✓ nemendur fengu val um að velja sjálfir af salatbarnum og sósur,
- ✓ komið var upp píluspjöldum í gamla „kósíhorninu“.

Þetta var mjög gagnlegt samtal sem skólastjóri átti með nemendum og skilaði sér í bættri aðstöðu nemenda.



Inngangur

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst að það sé umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, finna hvað vel er gert og hvað má betur fara, vinna áætlun um úrbætur og hrinda henni í framkvæmd.

Samkvæmt greinum 35 og 36 í *Lögum um grunnskóla* frá 2008, ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtíamíðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum grunnskólalaga er það í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið, sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni, eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmíðað, umbótamiðað, árangursmíðað, stofnana- og einstaklingsmíðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Sjálfsmatsskýrslan sem nú lítur dagsins ljós er sú fimmta í röðinni sem byggð er á líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf fyrst út árið 2012 og endurskoðaðri og breyttri útgáfu sem kom út 2018. Líkanið sem við styðjumst nú við er kynnt í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, 2. útgáfa*. Jafnframt var rýnt í niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu

Við erum leitandi og erum að feta okkar leið, átta okkur á því hvernig við viljum haga matinu. Það ber að taka skýrsluna sem slíka. Ákveðnir hlutir í henni mega betur fara og við erum meðvituð um þá, s.s. samsetning matshópsins og einhæfar matsleiðir. Þá viljum við flétta matið meira inn í daglegt starf og taka fyrir einn til tvo þætti í hverjum mánuði.



Um GSnb

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2004.

Það ár voru Grunnskólinn á Hellissandi og Grunnskólinn í Ólafsvík lagðir niður og stofnaður skóli fyrir þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar norðan Fróðárheiðar (Hellissand, Ólafsvík og Rif). Árið eftir bættist Lýsuhólsskóli við sem starfstöð skólans þegar sá skóli var lagður niður sem sjálfstæð stofnun. Síðan þá hafa allir grunnskólar Snæfellsbæjar starfað undir sama merki.

Í upphafi þessa skólaárs voru 220 nemendur skráðir í skólann í 15 bekkjardeildum og á þrem starfstöðvum. Af þessum 220 nemendum eru 131 nemendur skráðir á starfstöðina í Ólafsvík, 65 á Hellissandi og 24 nemendur í Lýsudeild skólans þar af eru fimm börn í leikskólaselinu Lýsukoti. Við erum vel mönnuð með gott og metnaðarfullt starfsfólk en starfsmenn skólans eru 65 í mun færri stöðugildum.



Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Við sjálfsmat skólans er stuðst við líkan sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gáfu út árið 2012 og aðra útgáfu þess sem kom út árið 2018 endurskoðuð og töluvert breytt. Líkan þetta er kynnt í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, 2. útgáfa*. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

„Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, s.s. frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkuð í þrjá yfirþætti sem eru svo flokkaðir í 16 undirþætti (sjá fylgiskjal 1). Kosturinn við að fara þessa leið var, að okkar mati, að gott væri að styðjast við sömu þætti og metnir eru í ytra matinu, bæði þar sem þetta er það líkan sem stuðst var við þegar skólinn var metinn síðast (sjá

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=1AC247250AFE22D800257F00003178BC&action=openDocument>) og mun væntanlega innan skamms tíma fara í gegnum slíkt mat aftur. Þannig sjáum við fyrir okkur að við getum stuðst við ytra mats skýrsluna og erum vel undirbúin að vera tekin út þegar röðin kemur að okkur aftur.

Samhliða því að matið byggðist á þessu líkani var rýnt í niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu.

Matshópur skólans þetta skólaár samanstóð af stjórnendum skólans, þ.e. Hilmarí Má Arasyni, skólastjóra, V. Lilju Stefánsdóttur, aðstoðarskólastjóra, Rósu Erlendsdóttur, deildarstjóra, Margréti Gróu Helgadóttur, deildarstjóri, Katrínu Elísdóttur, verkefnastjóra, og Hugrúnu Elísdóttur, verkefnastjóra.

Þeir þættir sem metnir voru á þessu skólaári eru (sjá nánar fylgiskjal 2):

1. Stjórnun og fagleg forysta

1.1 Faglegt samstarf og samræða

1.2. Samvirkni í stefnumótun

2. Nám og kennsla

2.1. Inntak og námskrá

2.2. Árangur náms

2.5. Námsvitund

2.6. Ábyrgð og þátttaka



Við styðjumst við kvarða ráðuneytisins en löguðum hann að okkar aðstæðum:

D → 1,0-1,9 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

C → 2,0-2,9 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

B → 3,0-3,9 = ljósgrænt – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

A → 4,0-5,0 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.



Sjálfsmat 2024-2025

Í þessum kafla er að finna niðurstöður úr innra mati skólans, þeim þáttum sem metnir voru og snúa að viðmiðum um gæði í skólastarfi, niðurstöðum á lesfimi og kynntar niðurstöður úr þremur þáttum skólastarfsins sem ekki hafa ratað inn í sjálfsmatsskýrslu skólans, þ.e. mat á stöðu umhverfismála, mat á kennslustundum og samtali skólastjóra við nemendur elsta stigs, norðan Heiðar um hvað sé gott og hvað megi betur fara í skólastarfinu?

Viðmið um gæði í skólastarfi

1. Stjórnun og fagleg forysta

Metnir voru tveir undirþættir í þetta sinn. Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. Stjórnun og fagleg forysta	
1.1. Faglegt samstarf og samræða	3,4
1.2. Samvirkni í stefnumótun	4,3

1.1. Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf og skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans. Símenntunaráætlun/starfsþróunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna.

Styrkleikar:

- ✓ Innan símenntunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.
- ✓ Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.
- ✓ Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fari reglulega fram meðal starfsmanna.

1.2. Samvirkni í stefnumótun

Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár. Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og birt á heimsíðu skólans. Stefna aðalnámskrár er sýnileg í stefnu og störfum skólans.

Styrkleikar:

- ✓ Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- ✓ Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- ✓ Í daglegu tali og frétttaflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi.



Tækifæri til umbóta:

- ✓ Hvetja sveitarfélagið til að endurskoða stefnu í menntamálum.

2. Nám og kennsla

Í þessum hluta voru fjórir undirþættir metnir.

2. Nám og kennsla		
2.1.	Inntak og námskrá	3,8
2.2.	Árangur náms	3,5
2.5.	Námsvitund	3,9
2.6.	Ábyrgð og þátttaka	2,3

2.1. Inntak og námskrá

Í skólanámskrá er lögð áhersla á áherslur stjórnvalda, með tilgreindum leiðum til að mæta þeim. Grunnþáttum menntunar er gerð skil í námsvísunum og áætlunum um nám. Í námsvísunum kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.

Styrkleikar:

- ✓ Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.
- ✓ Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni.
- ✓ Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Námsvísar/bekkjar- eða árganganámskrár þarf að kynna nemendum og foreldrum betur og hvetja þau til að nýta sér þær.

2.2. Árangur náms

Skólinn leggur áherslu á leiðsagnarnám þar sem reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður. Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.

Styrkleikar:

- ✓ Skráning námsárangurs í Mentor og Skólagátt.
- ✓ Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- ✓ Framfarir hvers nemanda, m.a. samkvæmt könnunum og skimunum, eru skráðar.



Tækifæri til umbóta:

- ✓ Efla læsi, metnað til náms og námsaðferðir. Ræða um það sem við erum að fást við.

2.5. Námsvitund

Þennan þátt mátu kennarar á deildarfundum. Þeim var skipt upp í hópa og mátu hvern lið. Að því loknu var vinna þeirra dregin saman og reiknað meðaltal.

Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt er í námsvísum. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi. Unnið er að því að þjálfa nemendur í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.

Styrkleikar:

- ✓ Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- ✓ Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.
- ✓ Nemendur hafa kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, í stigvaxandi mæli, og það er vel sýnilegt á unglingastigi.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Nemendur og foreldrar verði með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið.

2.6. Ábyrgð og þátttaka

Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.

Styrkleikar:

- ✓ Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- ✓ Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.
- ✓ Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Unnið með að efla meðvitund og færni nemenda í að hafa áhrif.
- ✓ Semja með hagsmunaaðilum skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.
- ✓ Virkja nemendaráð betur sem rödd inn í skipulag. Auka nemendalýðræði.



Niðurstöður lesfimiprófa

Lesferill er staðlað matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis. Prófið veitir upplýsingar um lestrarfærni nemenda og getur gefið vísbendingar um lestrarerfiðleika.

Lesferill skiptist í eftirfarandi þætti:

Lesskimun fyrir 1. bekk er lögð fyrir í október. Skimunin gefur vísbendingar um styrkleika og veikleika í hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, umskráningu og málskilning nemenda.

Lesfimi er staðlað raddlestrarpróf fyrir 1.-10. bekk sem prófar hraða og nákvæmnislestur. Prófin eru þrjú fyrir hvern árgang og er ein útgáfa af lestexta í hverjum árgangi en prófin eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Í viðmiðum Menntamálastofnunar er gert ráð fyrir því að ákveðinn fjöldi orða sé lesinn á mínútu í hverjum árgangi, sjá meðfylgjandi töflu.

Viðmiðin miðast við að nemandi hafi náð ákveðinni hæfni í lestri, þ.e. hraða og nákvæmni, að vori í hverjum árgangi. Þá geta prófin einnig metið framfarir innan skólaársins og milli ára.

Niðurstöður lesfimiprófa eru skráðar í Skólagátt þrisvar yfir skólaárið en þar hafa kennarar aðgang að gagnabanka sem sýnir lestrarferil nemenda og einnig niðurstöður árganga miðað við landið. Þá er einnig hægt að skoða niðurstöður hjá nemendum á myndrænu formi til að átta sig betur á lestrarferli einstakra nemenda og árganga. Foreldrar fá línuritsblað sent heim í hvert sinn sem prófin eru lögð fyrir en þannig geta þeir fylgst vel með lestrarþróun barnsins.

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.


Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Viðmið Menntamálastofnunar fyrir hvern árgang. Gert er ráð fyrir stíganda í lesfimiviðmiðum á milli árganga. Þegar lesfimiviðmiðum er náð þarf að halda áfram að þjálfast lestur til að viðhalda góðri lesfimi.




Niðurstöður lesfímiprófa í maí 2025

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Grunnskóli Snæfellsbæjar - Hellissandi, maí 2025



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Grunnskóli Snæfellsbæjar - Ólafsvík, maí 2025



Hér að ofan má sjá niðurstöður árganga út frá lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar í maí 2025 í Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi og í Ólafsvík. Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori í öllum árgöngum.



Niðurstöður úr lesfímiprófum í maí 2025.

Bekkir	Undir viðmiði 1	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
1.b.	6,7%	93,3%	33,3%	20,0%
2.b.	11,1%	88,9%	27,8%	11,1%
3.b.	6,7%	93,3%	33,3%	0,0%
4.b.	11,8%	88,2%	52,9%	35,3%
5.b.	22,2%	77,8%	44,4%	38,9%
6.b.	26,7%	73,3%	33,3%	13,3%
7.b.	24,1%	75,9%	41,4%	17,2%
8.b.	40,7%	59,3%	7,4%	0,0%
9.b.	16,7%	83,3%	45,8%	8,3%
10.b.	42,9%	57,1%	23,8%	9,5%
		90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið

Niðurstöðurnar sýna að 4. bekkur nær settu markmiði, að 50% nemenda nái viðmiði tvö að vori. Allir árgangar, að undanskildum 8. og 10. bekk, eru við eða yfir landsmeðaltali.

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar er unnið markvisst að því að þjálfa lestrarfærni nemenda í öllum árgöngum. Lögð er áhersla á heimalestur, lestur í skóla, yndislestur, lestur valbóka ásamt fjölbreyttum bekkjarsettum og lestri tengdum námsgreinum. Þá hefur bókasafn skólans eflt starfsemi sína með fjölbreyttum bókakosti, kynningum á völdum höfundum ásamt því að gera bókasafnið að aðlaðandi og eftirsóttum stað til að sækja.

Grunnskóli Snæfellsbæjar stendur fyrir sumarlestri með það að markmiði að viðhalda þeirri lestrarfærni sem nemendur náðu að vori. Reynslan sýnir okkur að nemendur missa oft yfir sumartímann þá færni sem þeir náðu í lestri að vori og mörgum reynist erfitt að vinna hana upp. Í lok skólaársins fer fram kynning á sumarlestri í 1.-6. bekk þannig að allir séu vel upplýstir um verkefnið og hvert markmiðið er með sumarlestri. Við skólaslit er rætt um mikilvægi sumarlesturs og þátttöku foreldra til að styðja við barn sitt. Þá er verkefnið kynnt á heimasíðu skólans.



Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Hún var fyrst lögð fyrir vorið 2023 og er markmið verkefnisins að safna gögnum um upplifun barna og ungmenna á eigin velferð. Niðurstöður verða opnar og aðgengilegar þannig að aðilar sem koma að þjónustu og umönnun barna og ungmenna geta nýtt þær til að styðja við stefnumótun.

Þátttakendur voru 145 nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar sem svöruðu könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Skiptingu þeirra eftir kyni og bekk má sjá í töflunum hér fyrir neðan.

Skipting svarenda eftir bekk

Bekkur	Fjöldi
4. bekkur	19
5. bekkur	14
6. bekkur	20
7. bekkur	26
8. bekkur	24
9. bekkur	23
10. bekkur	18

Skipting svarenda eftir kyni

Kyn	Fjöldi
Karlkyn	76
Kvenkyn	65
Stálp (kynsegin)	3
Annað/vil ekki svara	0

Nemendur sem skilgreina kyn sitt sem kynsegin eða annað eru mjög fámennur svarendahópur og eru svör þeirra því ekki tekin með í tölum sem birtar eru fyrir einstaka skóla eða lítil landsvæði. Þetta er gert til þess að tryggja persónuvernd svarenda.

Hægt er að nálgast niðurstöður rannsóknarinnar á heimasíðu skólans, sjá <https://www.gsnb.is/sjalfsmat>

Hér á eftir munum við birta lykiltölur fyrir 4. og 5. bekk annars vegar og 6.-10. bekk hins vegar en vísun í skýrslu á heimasíðu skólans að öðru leyti.



MENNTUN

4. og 5. bekkur

Telja mikilvægt
að leggja sig
fram í námi

89%

Skemmtilegt að
lesa í frítíma
sínum

76%

Oft þreytt í
skólanum

8%



Finnst gaman í
skólanum

66%

Líður vel í
fríminútum

100%

Geta leitað til
einhvers
fullorðins í
skólanum

58%

Upplifa oft
truflandi
hávaða í
kennslustund

42%



MENNTUN

6.-10. bekkur

Mikilvægt að
leggja sig fram
við námið

95%

Mikið álag
vegna heimanáms

32%

Einmana í
skólanum

19%



Lesi skáldsögur
í hverri viku

19%

Lesi fræðibækur
í hverri viku

16%

Lesi myndasögur
í hverri viku

8%



Geta leitað til
einhvers
fullorðins í
skólanum

45%

Oft þreytt í
skólanum

31%

Treysta
kennaranum
sínum

60%

Upplifa oft
vinnufrið í
kennslustofunni

29%

Þegar rýnt er í niðurstöður þessa þáttar þá er jákvætt að sjá hve margir telja mikilvægt að leggja sig fram í námi, eins hve margir telja sig getað leitað til einhvers fullorðins í skólanum. Það sem má betur fara er hversu sjaldan virðist vera vinnufriður í kennslustundum, einmanaleiki nemenda í 6.-10. bekk og eins hvað nemendur eru oft þreyttir í skólanum.



HEILSA OG VELLÍÐAN

4. og 5. bekkur

Hreyfa sig
mikið

81%

Finna oft fyrir
höfuðverk

7%

Finna oft fyrir
magaverk

4%



Finna oft fyrir
depurð

7%

Finna oft fyrir
kvíða

7%



HEILSA OG VELLÍÐAN

6.-10. bekkur

Lífsánægja

54%



Fundið fyrir
hausverk
vikulega eða
oftar

37%

Fundið fyrir
magaverk
vikulega eða
oftar

33%

Fundið fyrir
depurð vikulega
eða oftar

32%

Fundið fyrir
kvíða vikulega
eða oftar

44%

Næg hreyfing á
hverjum degi

26%



Það sem er jákvætt í þessum hluta er hvað eldri nemendur upplifa heilsu sína góða og hjá yngri hvað þau hreyfa sig mikið. Það er verulegt áhyggjuefni hvað nemendur upplifa heilsu sína slæma og þau séu ekki ánægðari með lífið. Spurning hvort það tengist þreytu (og svefnleysi) sem nemendur geta um í fyrri þætti?



ÖRYGGI OG VERND

4. og 5. bekkur

Útundan í
skólanum

24%

Orðið fyrir
einelti

19%



Orðið fyrir
einelti á
netinu

10%



ÖRYGGI OG VERND

6.-10. bekkur

Oft eða alltaf
einmana

15%

Útundan í
skólanum

25%



Orðið fyrir
einelti

12%

Lagt annan í
einelti

16%

Lent í
slagsmálum

32%

Orðið fyrir
árás

35%

Örugg í sínu
hverfi

96%




Þessi þáttur koma illa út á síðasta ári og var brugðist við því á markvissan hátt og virðist sú vinna hafa skilað árangri og þurfum við að halda henni áfram. Áherslan var á samskipti næsta skólaárs, bættan bekkjaranda, styrkingu hópa, að auka samkennd og samvinnu, bæta félags-, vináttu- og leiðtogafærni og aðferðir til að aðstoða börn í félagslegum vanda.




ÞÁTTTAKA OG FÉLAGSLEG TENGSL

4. og 5. bekkur


Eiga góða vini/




Finnst gaman að
fá vini heim



Stunda listnám




Æfa eina íþrótt




ÞÁTTTAKA OG FÉLAGSLEG TENGSL

6.-10. bekkur


Eiga auðvelt
með að eignast
nýja vini




Eiga einn eða
fleiri góðan
vin




Eru í listnámi



Stunda íþróttir



Eru í
reglulegum
íþróttum




Það er mjög ánægjulegt að sjá hvað þessi þáttur kemur vel út og hve margir eiga góða vini og stunda íþróttir.




LÍFSGÆÐI OG FÉLAGSLEG STAÐA

4. og 5. bekkur


Fær aðstoð við heimanám




Eiga eigið herbergi




Geta talað við foreldra sína um áhyggjur



Oft svöng í rúmið




Gert eitthvað skemmtilegt með foreldrum




LÍFSGÆÐI OG FÉLAGSLEG STAÐA

6.-10. bekkur


Hafa oft ekki borðað vegna peningaskorts




Með eigið herbergi heima




Með góða aðstöðu til náms heima



Íslenska töluð á heimili



Upplifa stuðning frá fjölskyldu



*Ef foreldrar eru af sama kyni er spurt um eldri foreldri í stað móður og yngri foreldri í stað föður

Eins er ánægjulegt með þennan þátt hvað nemendur upplifa mikinn stuðning frá foreldrum og góðan aðbúnað heima fyrir. Það er spurning hvað nemendur í 4. og 5. bekk eiga við þegar þeir segjast fara svangir í rúmið. Á sama tíma fer enginn eldri nemenda svangur að sofa.



Þegar rýnt er í niðurstöður þessarar rannsóknar þá eru margir þættir sem koma vel út, s.s. hve margir telja mikilvægt að leggja sig fram í námi, hve margir telja sig getað leitað til einhvers fullorðins í skólanum, hve margir eiga góða vini, stunda íþróttir og hvað nemendur upplifa mikinn stuðning frá foreldrum og góðan aðbúnað heima fyrir. Þegar niðurstöður þessarar könnunar eru bornar við saman við niðurstöður síðasta árs má sjá að af 52 „lykilþáttum“ þá eru 36 þættir sem koma betur út núna en fyrir ári, sjá fylgiskjal 1.

Það vekur athygli hve margir nemendur eru þreyttir í skólanum og hvað nemendur upplifa heilsu sína slæma og að þeir séu ekki ánægðari með lífið. Spurning er hvort það tengist þreytu og svefnleysi sem nemendur geta um. Félagsleg samskipti og líðan nemenda getur verið betri. Haldið verður áfram að vinna með samskipti, bættan bekkjaranda, styrkingu hópa, að auka samkennd og samvinnu, bæta félags-, vináttu- og leiðtogafærni og aðferðir til að aðstoða börn í félagslegum vanda.



Þrír nýir þættir

Á þessu skólaári voru þrír þættir skólastarfsins metnir sem ekki hafa ratað inn á sjálfsmatsskýrslu skólans áður en eiga á heima í henni, það er mat á stöðu umhverfismála, mat á kennslustundum og samtal skólastjóra við nemendur á unglingastigi.

Staða umhverfismála

Á þessu skólaári fór fram mat á stöðu umhverfismála á starfstöðvunum norðan Heiðar. Var þetta mat á höndum umhverfisnefndar starfstöðva skólans, norðan Heiðar. Í umhverfisnefndinni sitja fulltrúar nemenda (úr hverjum bekk) og fimm starfsmanna. Fyrst valdi umhverfisnefndin þemu sem leggja skal áherslu á. Fyrir valinu varð áttahagafræði annars vegar og neysla og úrgangur hins vegar. Hægt er að nálgast matslistana á heimasíðu Grænfanaverkefnisins, sjá <https://graenfaninn.is/graenfaninn/gatlistar/> Heilt yfir kom skólinn vel út úr matinu en í nokkrum þáttum þurfum við að standa okkur betur og tekur umhverfissáttmálinn til þeirra þátta.

Við vinnum að því að:

- ✓ halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum.
- ✓ fræða nemendur um mikilvægi þess að minnka úrgang og hvað verður um úrganginn sem fellur til í skólanum.
- ✓ minnka úrgang (m.a. matarafgang) og flokka það sem til fellur.
- ✓ nemendur gangi vel um sitt nánasta umhverfi, tíni upp rusl sem þeir rekast á og flokki.
- ✓ upplýsa nemendur um námskrána í áttahagafræði og endurskoða kaflann í áttahagafræði um ferðir í samráði við nemendur.

Mat á kennslustundum

Á þessu skólaári hófst vinna við að meta kennslustundir með markvissum hætti. Skólastjóri fór í átta kennslustundir, fylgdist með námi og kennslu, skráði hjá sér helstu niðurstöður og ræddi við viðkomandi kennara að heimsókninni lokinni, sjá fylgiskjal 2. Heilt yfir fengu kennslustundirnar gott mat, þær voru vel skipulagðar, vel settar upp, góð samskipti, góð og mikil virkni nemenda. Það var einkennandi að þeir þættir sem máttu betur fara í flestum þessara kennslustunda var skipulag við upphaf og lok kennslustunda. Frábær vinna sem þarf að þróa áfram.

Hvað er gott og hvað má betur fara?

Í febrúar heimsótti skólastjóri alla unglingabekki skólans norðan Heiðar og átti við nemendur samtal um hvað væri gott í skólastarfinu hjá okkur og hvaða þættir mættu betur fara. Allar tillögur og ábendingar voru skráðar í skjal sem var varpað upp og nemendur sáu, þeir spurðir hvort þeir væru sáttir við orðalag sem var notað. Skólastjóri hefur gert þetta til fjölda ára en



niðurstöðurnar aldrei fyrr ratað inn í sjálfsmatsskýrslu skólans. Niðurstöðurnar úr þessum samtölum er að finna í fylgiskjali nr. 1

Nokkrir þættir sem voru nefndir um hvað væri gott við GSnb:

- ✓ Maturinn
- ✓ Félagslífið
- ✓ Ferðalögin
- ✓ Námið
- ✓ Kennararnir
- ✓ Stólarnir í Dal
- ✓ Jólaútlarpið
- ✓ Sjónvörpin
- ✓ Góðar tölvur
- ✓ Starfsfólkið
- ✓ Dóru-tímar
- ✓ Aðstaða í frímínútum
- ✓ Umsjónarkennarinn
- ✓ Heimilisfræðin
- ✓ Fá að fara fyrr heim
- ✓ Íþróttir
- ✓ Litli völlurinn – flott og góð skólalóð
- ✓ Skólinn æðislegur
- ✓ Samlokurnar í ferðum – bestar í heimi, sérstaklega sósan
- ✓ Brugðist var fljótt við þeim ábendingum sem komu fram í flestum bekkjum

Nokkrir þættir sem voru nefndir hvað mætti betur fara í GSnb

- ✓ Dóru-tímarnir
- ✓ Símareglurnar
- ✓ Valgreinar – meiri fjölbreytni
- ✓ Fara í Kassann
- ✓ Vantar leiktæki á skólalóðina (búið að fjarlægja tvö ekkert komið í staðinn)
- ✓ Gönguferðirnar á vorin
- ✓ Veljum sjálf af salatbarnum og sósur
- ✓ Fleiri sófar
- ✓ Kósýhorn þar sem er næði, t.d. í Korra
- ✓ Fara í risafeluleik (t.d. að byrja valgreinahelgina)
- ✓ Vantar leiktæki á skólalóðina
- ✓ Oftar grjónagraft og skyrbar



Fljótlega eftir þessar heimsóknir var unnin aðgerðaáætlun og hún kynnt fyrir nemendum á fundi á sal, ásamt niðurstöðum sem er að finna í fylgiskjali nr 1.

Má þar nefna að:

- ✓ sófum var fjölgað.
- ✓ aðstaða á bókasafni var bætt.
- ✓ komið var upp fleiri „kósihornum“.
- ✓ tveir nýir körfuboltavellir verða settir á skólalóðirnar í sumar.
- ✓ fjölbreytni í vali var aukin.
- ✓ nemendur fengu val um að velja sjálfir af salatbarnum og sósur.
- ✓ komið var upp píluspjöldum í gamla „kósihorninu“.

Þetta var mjög gagnlegt samtal sem skólastjóri átti með nemendum og skilaði sér í bættri aðstöðu nemenda.



Umbótaáætlun 2024 – 2025

Umbótaáætlun þessa skólaárs byggir á þeim þáttum sem rýnt var í og eru viðmið í skólastarfi, niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu.

Umbótaþættir	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar
1.1. Faglegt samstarf og samræða	Það verði gefin tími fyrir ígrundun og gagnrýna samræðu hjá starfsfólki um starfshætti.	Skólaárið 25-26	Stjórnendur
1.2. Samvirkni í stefnumótun	Hvetja sveitarfélagið til að endurskoða stefnu í menntamálum	Skólaárið 25-26	Skólastjóri
2.1. Inntak og námskrá	Námsvísar/bekkjar- eða árganganámskrár þarf að kynna nemendum og foreldrum betur og hvetja þau til að nýta sér þær.	Skólaárið 25-26	Stjórnendur og kennarar.
2.2. Árangur náms	Efla læsi, metnað til náms og námsaðferðir. Ræða um það sem við erum að fást við.	Skólaárið 2025 – 2026	Stjórnendur leiði þessi vinnu
2.5. Námsvitund	Nemendur og foreldrar verði með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið.	Alltaf héðan í frá	Skólastjórnendur
2.6. Ábyrgð og þátttaka	Unnið með að efla meðvitund og færni nemenda í að hafa áhrif..	Alltaf héðan í frá	Skólastjórnendur.
Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar	Endurskoða verkferla varðandi viðbrögð við einelti, líðan og samskipti nemenda í samráði við FSSF og skólana á Nesinu.	Skólaárið 2025 – 2026	Skólastjóri leiðir þessa vinnu
Niðurstöður lesfímiprófa	Huga vel að þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum og ljúka við gerð málstefnu.	Alltaf	Stjórnendur og kennarar.
Staða umhverfismála	Vinna samkvæmt umhverfissáttmála sem unninn var, vor 2025	Skólaárið 2025-2026	Stjórnendur og umhverfisteymi skólans



Mat á kennslustundum	Taka faglega umræðu um hvernig best verður að staðið að hefja og ljúka kennslustundum	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur og kennarar.
Hvað er gott og hvað má betur fara?	Halda áfram samtali við nemendur	Skólaárið 2025-2026.	Skólastjóri.



Lokaorð

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat var lagt á hversu vel hefur tekist að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt var að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- ✓ Hversu vel stöndum við okkur?
- ✓ Hvernig vitum við það?
- ✓ Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- ✓ Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Við sjálfsmatsvinnuna voru punktarir hér að ofan hafðir að leiðarljósi og er það von okkar að þessi skýrsla verði liður í því að festa í sessi það sem vel er gert og bæta það sem miður fer en alltaf má gera betur og gera gott starf enn betra.

Á þessu skólaári máttum við þrjá yfirþætti úr Viðmið um gæði í skólastarfi sem höfðu sex undirþætti. Þrír þættir komu mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum og flestir eða allir undirþættir þeirra þáttu sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Hinir þrír þættirnir voru á bilinu frá 3,3 til 3,9 og hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Niðurstöðurnar úr lesfímiprófunum sýna að einungis 2. og 4. bekkur ná settu markmiði, að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori. Allir árgangar, að undanskildum 7. og 9. bekk, eru við eða yfir landsmeðaltali. Halda þarf áfram að leggja áherslu á mikilvægi lesturs og efla lestur nemenda en lögð er áhersla á heimalestur, lestur í skóla, yndislestur, lestur valbóka ásamt fjölbreyttum bekkjarsettum og lestri tengdum námsgreinum. Þá hefur bókasafn skólans eftt starfsemi sína með fjölbreyttum bókakosti, kynningum á völdum höfundum ásamt því að gera bókasafnið að aðlaðandi og eftirsóttum stað til að sækja.

Þetta skólaárið var ekki boðið upp á leggja fyrir Olweusarkönnun á landsvísi. Þess í stað treystum við á niðurstöður úr íslensku æskulýðsrannsókninni til meta líðan og viðhorf nemenda.

Þegar rýnt er í niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar þá eru margir þættir sem koma vel út, s.s. hve margir telja mikilvægt að leggja sig fram í námi, hve margir telja sig geta leitað til einhvers fullorðins í skólanum, hve margir eiga góða vini, stunda íþróttir og hvað nemendur upplifa mikinn stuðning frá foreldrum og góðan aðbúnað heima fyrir.

Það vekur athygli hve margir nemendur eru þreyttir í skólanum og hvað nemendur upplifa heilsu sína slæma og að þeir séu ekki ánægðari með lífið. Spurning er hvort það tengist þreytu (og svefnleysi) sem nemendur geta um. Félagsleg samskipti og líðan nemenda getur verið betri. Þessum þætti þarf að bregðast við. Áhersla næsta skólaárs verður á samskipti, bætta bekkjaranda, styrkingu hópa, að auka samkennd og samvinnu, bæta félags-, vináttu- og leiðtogafærni og aðferðir til að aðstoða börn í félagslegum vanda.

Í maí svöruðu foreldrar/forráðamenn könnun um viðhorf sitt til skólastarfsins. Þetta er í fyrsta sinn sem foreldrar/forráðamenn nemenda skólans svara rafrænni könnun um skólastarfið. Könnunin byggir á könnun sem Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans notaði við úttektir á skólum við lok síðustu aldar. Hún er uppfærð og staðfærð af stjórnunarteymi skólans.

Þegar á heildina er litið fær skólinn og skólastarfið jákvætt mat foreldra í könnuninni. Til marks um það er m.a.



- ✓ Hvað margir taka þátt, eða tæp 80%.
- ✓ 87,2% svarenda hafa jákvætt eða mjög jákvætt samstarf við kennara barns þeirra.
- ✓ 78% svarenda hafa jákvætt eða mjög jákvætt viðhorf til skólans.
- ✓ Hve margir nýta sér upplýsingaveituna okkar Mentor en 92,1% fylgist með námsárangri og 85,4% fylgjast með ástundun.

Í febrúar var lögð fyrir starfsmannakönnun meðal starfsfólks skólans. Annaðist Vinnuvernd fyrirlögn og úrvinnslu könnunarinnar. Tilgangur starfsmannakönnunar eins og þessarar er að taka stöðuna, greina hvað vel er gert, hvað má betur fara og koma fram með úrbætur. Í skólanum starfa 65 einstaklingar í mun færri stöðugildum. Alls tóku 52 starfsmenn þátt eða 80% sem telst mjög góð þátttaka. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á húsfundum á hverri starfstöð fyrir sig. Í greinargerð sem Vinnuvernd skilað af sér kemur fram að þegar á heildina er litið virðist félagslegt og andlegt vinnumhverfi gott í Grunnskóla Snæfellsbæjar og að meirihluta starfsfólks virðist almennt líða vel í vinnu og upplifir starfsánægju.

Í heildina séð má segja að starf skólans standi vel miðað við þau gögn sem aflað var fyrir þessa skýrslu. Margt er jákvætt en sterkar vísbendingar komu fram um þætti í skólastarfinu sem bregðast þarf við, m.a. líðan og samskipti nemenda. Úrbótaáætlunin er til þess gerð að bæta skólastarfið og gera góðan skóla enn betri.



Heimildir

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (Án ártals). *Innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (2010). *Skólastefna sveitarfélaga – Handbók*. (2010). Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Böðvarsson. (2015). *Ytra mat grunnskóla - Grunnskóli Snæfellsbæjar*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2011). *Leiðbeiningar um sjálfsmat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið.

Steinunn Helga Lárusdóttir. (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.



Fylgiskjal 1: Lykiltölur úr Íslensku æskulýðsrannsókninni

Menntun		2025	2024
4. og 5. bekkur	Telja mikilvægt að leggja sig fram	89	86
	Skemmtilegt að lesa í frítíma sínum	76	71
	Oft þrengt í skólanum	8	12
	Finnst gaman í skólanum	66	72
	Líður vel í frímínútum	100	93
	Geta leitað til einhvers fullorðins í skólanum	58	82
	Upplifa oft truflandi hávaða í kennslustund	42	45
		577	
6. -10. bekkur	Mikilvægt að leggja sig fram um námið	95	90
	Mikið álag vegna heimanáms	32	29
	Einmanna í skólanum	19	13
	Lesi skáldsögur í hverri viku	19	18
	Lesi fræðibækur í hverri viku	16	18
	Lesi myndasögur í hverri viku	8	11
	Geta leitað til einhvers fullorðins í skólanum	45	49
	Oft þrengt í skólanum	31	35
	Treysta kennara sínum	60	57
	Upplifa vinnufrið í kennslustofunni	29	22
		710	
Heilsa og vellíðan		2025	2024
4. og 5. bekkur	Hreyfa sig mikið	81	67
	Finna oft fyrir höfuð verk	7	19
	Finna oft fyrir magaverk	4	9
	Finna oft fyrir depurð	7	14
	Finna oft fyrir kvíða	7	7
	Eru ánægð með lífið		69
		515	
6. -10. bekkur	Góð eða mjög góð heilsa		86
	Lífsánægja/Eru ánægð með lífið	54	56
	Fundið fyrir hausverk vikulega eða oft	37	51
	Fundið fyrir magaverk vikulega eða oft	33	40
	Fundið fyrir depurð vikulega eða oft	32	43
	Fundið fyrir kvíða vikulega eða oft	44	51
	Næg hreyfing á hverjum degi	26	22
		516	
Öruggi og vernd		2025	2024
4. og 5. bekkur	Útundan í skólanum	24	25
	Orðið fyrir einelti	19	6
	Orðið fyrir einelti á netinu	10	0
		113	
6. -10. bekkur	Oft eða alltaf einmanna	15	14
	Útundan í skólanum	25	19
	Orðið fyrir einelti	12	15
	Lagt annan í einelti	16	31
	Lent í slagsmálum	32	49
	Orðið fyrir árás	35	48
	Örugg í sínu umhverfi	96	92
		577	
Dáttaka og félagsleg tengsl		2025	2024
4. og 5. bekkur	Eiga góða vini	93	100
	Finnst gaman að fá vini heim	81	84
	Stunda listnám	20	
	Æfa eina íþrótt	63	
		072	
6. -10. bekkur	Eiga auðvelt með að eignast nýja vini	68	74
	Eiga einn eða fleiri góða vini	96	99
	Eru í listnámi	29	32
	Stunda íþróttir	75	59
	Eru reglulega í íþróttum	65	
		174	
Lífsgæði og félagsleg tengsl		2025	2024
4. og 5. bekkur	Fær aðstoð við heimanám	91	83
	Eiga eigið herbergi	91	71
	Geta talað við foreldra sína um áhyggjur	84	78
	Oft svöng í rúmið	6	14
	Gert eitthvað skemmtilegt með foreldrum	85	83
		515	
6. -10. bekkur	Hafa farið oft svöng að sofa	2	0
	Með eigið herbergi heima	96	99
	Með góða aðstöðu til náms heima	88	80
	Annað tungumál en íslenska heima	24	28
	Upplifa stuðning frá fjölskyldu	91	87
	Auðvelt með að tala við móður		70
	Auðvelt með að tala við föður		64
		214	
		36152	



Fylgiskjal 2: Hvað er gott og hvað má betur fara?

Hvað...

er gott?

- Maturinn
- WC lásarnir
- Sófarnir
- Gott vatn
- Stuttu dagarnir
- Frímínútur
- Andinn
- Góðir staðir til að vera á í frímínútum
- Gluggarnir
- Tölvurnar
- Borðtennisborðið og þythokkýið
- Fótboltavöllurinn
- Skólalóðin
- Kennararnir
- Kára stúdíó
- Sundlaugin
- Starfsfólk
- 3 starfstöðvar
- Ávextir
- Íþróttastaða við skólann
- List- og verkgreinar
- Leiklist
-

má betur fara?

- Fleiri leiktæki
- Orðbragðið
- Símareglurnar
- Þrífa betur
- Mega vera á skóm inni
- Fleiri sófar
- Kósí
- Betri sófar
- Playstation tölvur

Nemendur í 8. bekk, jan. 2025



Hvað...

er gott?

- Krakkarnir í skólanum
- Fríir ávextir
- Góður matur
- Langar frímínútur
- Frímínútur, vera með vinum sem ekki eru með mér í bekk
- Góðir kennarar
- Gott starfsfólk
- “Fartölvur”
- Símalaus
- Flottur skóli

má betur fara?

- Símalaus
- Hafa tvær matarraðir
- Ganga betur um hluti
- Skólaliðarnir skipti sér minna af
- Hafa ekki langa daga
- Betri samskipti
- Stólarnir - þessir rauðu

Nemendur í 9. bekk, jan. 2025



Hvað...

er gott?

- Maturinn
- Félagslífið
- Starfsfólkið
- Aðstaða í frímínútum
- Umsjónarkennarinn
- Heimilisfræðin
- Fá að fara fyrir heim
- Íþróttir

má betur fara?

- Dóru-tímarnir
- Símareglurnar
- Valgreinar – meiri fjölbreytni
- Fara í Kassann
- Vantar leiktæki

Nemendur í 10. bekk, jan. 2025



Hvað..

er gott?

- Möttuneytið
- Félagslífíð
- Dórutímar
- Ferðalögin
- Námið
- Kennarar
- Samlokurnar í ferðlögum
- Stólarnir í Dal
- Góðar tölvur
- TV
- Fótaboltavöllurinn - mikið í boði á lóðinni
- Jólaútvarpið

má betur fara?

- Samlokurnar í ferðalögum x 2
- Fleiri sófar
- Vantar kósíhorn
- Vorgöngurnar
- Fara í risafeluleik
- Meiri grjónagraut og skyrbar
- Skömmtum okkur sjálf í matnum

Nemendur stelpur í 10. bekk, jan. 2025

Fylgiskjal 3: Mat á kennslu

MAT Á KENNSLU - TRÚNAÐARMÁL					
Nafn kennara:	Bekkur:			Tími:	
	Óviðunandi	Viðunandi	Gott	Frábært	Annað/athugasemdir
Skipulag:					
Skýr markmið					
Gott skipulag					
Námsgögn til staðar					
Nýting á tíma (upphaf - lok)					
Upphaf:					
Fyrri nám ríftað upp					
Áhugaverðar kveikjur					
Nám og kennsla:					
Samtal kennari - nemandi					
Fjölbreyttar kennsluaferðir					
Aðlagð námsefni					
Virkir nemendur					
Nýting stoðþjónustu					
Samvinna /hópvinna					
Lok kennslustundar:					
Samantekt í lok tíma					
Hvað næst (leiðsagnar mat)					
Samantekt:					



Fylgiskjal 4: Viðmið um gæði í skólastarfi

Gagnaöflun

1. Stjórnun og fagleg forysta

- 1.1. Faglegt samstarf og samræða
- 1.2. Samvirkni í stefnumótun
- 1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga
- 1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- 1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting
- 1.7. Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna


2. Nám og kennsla

- 2.1. Inntak og námskrá
- 2.2. Árangur náms
- 2.3. Gæði kennslu
- 2.4. Skipulag náms
- 2.5. Námsvitund
- 2.6. Ábyrgð og þátttaka

3. Innra mat

- 3.1. Skipulag
- 3.2. Framkvæmd
- 3.3. Umbætur

Skipulag og framsetning viðmiða um gæðastarf í grunnskólum



Mynd tekin úr bæklingnum *Viðmið um gæðastarf í grunnskólum*, 2. útgáfa, 2018, bls. 8.



Fylgiskjal 5: Langtímaáætlun um innra mat

Langtímaáætlun 2024 - 2028					
		24-25	25-26	26-27	27-28
1. Stjórnun og fagleg forysta					
1.	Faglegt samstarf og samræða	1			
2.	Samvirkni í stefnumótun	1			
3.	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		1		
4.	Umbætur og innleiðing breytinga		1		
5.	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			1	
6.	Starfsmannastjórnun og verkaskipting			1	
7.	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna				1
2. Nám og kennsla					
1.	Inntak og námskrá	1			
2.	Árangur náms	1	1	1	1
3.	Gæði kennslu			1	
4.	Skipulag náms				1
5.	Námsvitund	1		1	
6.	Ábyrgð og þátttaka	1		1	
3. Innra mat					
1.	Skipulag		1		1
2.	Framkvæmd		1		1
3.	Umbætur		1		1
		6	6	6	6
4. Kannanir		24-25	25-26	26-27	27-28
	Nemenda - Íslenska æskulýðsrannsóknin	1	1	1	1
	Foreldra - sérsniðið		1		1
	Starfsfólk - Vinnuvernd		1		1

Fylgiskjal 6: Samantekt 2024-2028

		24-25	25-26	26-27	27-28
1. Stjórnun og fagleg forysta					
	1. Faglegt samstarf og samræða	3,4			
	2. Samvirkni í stefnumótun	4,3			
	3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				
	4. Umbætur og innleiðing breytinga				
	5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir				
	6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting				
	7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna				
2. Nám og kennsla					
	1. Inntak og námskrá	3,8			
	2. Árangur náms	3,5			
	3. Gæði kennslu				
	4. Skipulag náms				
	5. Námsvitund	3,9			
	6. Ábyrgð og þátttaka	2,3			
3. Innra mat					
	1. Skipulag				
	2. Framkvæmd				
	3. Umbætur				
		3,5	0	0	0